



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnuás

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	7
3 Innra mat Barnhóll.....	14
4 Innra mat Álfholt.....	16
5 Innra mat Ás.....	19
6 Innra mat Langisandur.....	21
7 Innra mat Hlíðarendi.....	23
8 Innra mat verkefnastjóra.....	25
9 Innra mat sérkennslu.....	27
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	30
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
8 Foreldrasamvinna.....	35
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	36
10 Fylgigögn.....	37
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	39



1 Leiðarljós leikskólans

2 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað hér í Sunnuás þar sem við vorum komin inn í nýtt húsnæði, við fórum í flutninga í byrjun júní og enduðum í Kringlunni 1. Það var búið að skoða marga möguleika fyrir okkur áður en við fengum Kringluna 1 og var það vel valið starfsfólk Reykjavíkurborgar sem sinnti þeirri undirbúningsvinnu. Það tók innan við mánuð að búa til leikskólann Sunnuás í Kringlunni 1 ásamt því að gera útisvæði skólans tilbúið. Þannig að það má segja að leikskólinn Sunnuás var opnaður á nýjum stað á met tíma með frábæru fólki sem hjálpaðist að við að gera skólann að því sem hann er í dag. Við vorum sumarið og fram að jólum að koma okkur fyrir þar sem Kringlan 1 hefur alltaf verið skrifstofuhúsnæði sem þurfti að breyta í leikskóla. Það þurfti að setja upp veggi, taka niður veggi, setja upp hurðar, setja upp salerni og fataherbergi svo eitthvað sé nefnt. Þetta var gert með grettistaki allra sem að verkinu komu.

- Í sumarfríinu 2022 var haft samband við leikskólastjóra og hann beðinn um að taka á móti öðrum leikskóla tímabundið þar sem elsta deild Laugasólar þyrfti húsaskjól. Laugasól var hjá okkur í kringum tvo mánuði sem gekk mjög vel. Okkur í Sunnuás þótti mjög gaman að fá þau í heimsókn tímabundið eða frá því að við opnuðum eftir sumarfrí og út september. Starfsfólk og börn Laugasólar blandaðist vel inn í starfsemi okkar og fundum við lítið fyrir þeim á þeim tíma sem þau voru hér í Kringlunni 1 hjá okkur. Við töldum okkur græða mikið á því að fá þau í heimsókn þar sem samvinna og virðing var í hávegum höfð og Laugasól fékk rútu tvisvar í viku til að fara í ferðir og buðu þau okkar börnum að taka þátt í því verkefni með þeim. Nokkrum vikum eftir að Laugasól fór frá okkur vorum við beðin um að taka annan leikskóla inn á okkur tímabundið vegna framkvæmda og vorum við í upphafi mjög glöð þar sem samstarfið við Laugasól gekk svo vel og við full eftirvæntingar að fá Grandaborg inn til okkar. En það samstarf gekk ekki mjög vel og upplifðum við strax í upphafi mikla mótspyrnu og neikvætt viðmót og litla sem enga samvinnu. Við reyndum að aðstoða Grandaborgina með öllum þeim úrræðum sem við höfðum eins og að lána þeim starfsmenn vegna manneklu, kaupa fyrir þau námsefni, taka frá hólfi og fleira en því var ekki tekið vel svo við reyndum bara að halda út síðustu vikurnar eða þar til þau fluttust aftur í sitt hverfi rétt fyrir jól.



- Áherslur skólans í vetur hafa verið nám í gegnum Leikur að læra, Vináttuverkefni Barnaheilla, tónlist og sköpun þar sem við vorum í vetur með verkefnastjóra tónlistar og verkefnastjóra myndlistar til að fanga betur verkefni vetrarins. Einnig vorum við í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur, Íþróttafélagið Ármann, Langholtsskóla, eldri borgara á Hrafnistu og í Hvassaleitinu. Einnig héldum við menningarmót í mars þar sem tvær elstu deildarnar tóku þátt. Börnin kynntu fyrir gestum leikskólans menningu sína í máli og myndum. Menningarmótið var vel sótt af gestum og var það vel undirbúið af starfsfólki og börnum. Við tókum þátt á Barnamenningarhátíð í Hörpu í maí þar sem börn fædd 2017 tóku þátt og í ár var lögð áhersla á lög eftir Röggva Gísla. Börnin voru í vetur að æfa og er það starfsfólk Tónlistarskóla Sigursveins sem halda utan um verkefnið og fóru börnin þangað á æfingar. Frábært framtak og höfum við í Sunnuás verið þátttakendur í þessu verkefni síðustu ár og munum halda því áfram vegna mikillar gleði og ánægju með það. Eftir að við fluttum í Kringluna 1 þá var tekin sú ákvörðun meðal stjórnenda Sunnuáss að koma upp matsal þar sem flest börn myndu borða morgunmat, hádegismat og nónhressingu saman. Þessi ákvörðun var meðal annars tekin til að minnka matvæli inni á deildum og vinna að sjálfbærni barnanna í kringum matartíma. Þessi breyting átti eftir að hafa mikla vinnu í för með sér og var greinilegt að ekki allt starfsfólk var tilbúið í þessar breytingar. Stjórnendateymið tók að sér að vera með matsalinn til að þjálfa svo aðra starfsmenn í því að vera með börnin í matsalnum. Stjórnendur reyndu að skapa hlýlega stemningu þar sem umhverfi barnanna var sett í forgrunn og að kennarar tali rólega og yfirvegað í matsalnum við börnin. Það tók okkur nánast fram að áramótum að fínþússa verkferla í matsalnum og virðist hann vera nokkuð vel skipulagður í dag, þó er alltaf hægt að betrubæta.
- Þegar komið var inn í nóvember þá fór að róast aðeins innan skólans og starfsfólk, börn og foreldrar búnir að átta sig betur á húsnaði skólans og hvaða möguleika það hefur uppá að bjóða. Okkur gekk vel að manna skólann fyrir utan sérkennslu. Þurftum í byrjun haustsins að nýta fólk á deildum til að sinna sérkennslu en fór ekki að leysast úr henni fyrr en með vori 2023. Sérkennslan var frekar þung í vetur eða ca. 10% barna leikskólans þurftu á sérúrræðum að halda og tók mikið á starfsfólk leikskólans að sinna henni þar sem mikil vöntun var á sérkennurum. Við höfum verið með stóran hóp barna af erlendum uppruna og var 60% barna skólans fjöltyngd eða með fleiri en eitt



móðurmál. Tengiliður fjölmenningar hélt utan um þennan hóp barna mjög vel ásamt grunnskólakennara í 50% stöðu sem létti undir með markvissri málörvun þessa hóps.

- Einnig tókum við þátt í Rannsókn á vegum HÍ um samræðulestur með börnum sem okkur þótti mjög gaman og með aðkomu okkar að þessu verkefni þá teljum við okkur vera að bjóða uppá viðbót við það nám sem við erum með nú þegar. Við fögnum þátttöku okkar af ýmsum verkefnum þar sem við teljum að börnin í Sunnuás græði til frambúðar.
- Starfsmannakönnun eða *Stofnun ársins 2022* var gerð í vetur þar sem starfsfólk fékk senda könnun í tölvupósti og var ágætis heimtur hér hjá okkur sem gaf okkur ágætis niðurstöðu til að vinna með. Styrkleikar Sunnuás samkvæmt könnun voru jafnrétti kynja, allir fá jafnan rétt til verkefna, góð samvinna, fjölbreyttur starfsmannahópur og allir hafi sama rétt óháð kyni, uppruna, kynhneigð lífsskoðunar. Veikleikar eða óánægja starfsmanna lá samkvæmt könnun helst út frá hljóðvist, launakjörum, loftgæðum og vinnustaða ekki eins og best verður á kosið. Þessa þætti á leikskólastjóri erfitt með að lagfæra og fórum við í gegnum niðurstöður til að setja niður umbætur næsta árs. Við teljum að hluti að umbótum lagist þegar við förum í færanlegar skólastofur þar sem núverandi húsnæði er ekki sett upp sem leikskóli og er margt sem er ábótavant í húsnæðinu eins og undirbúningur starfsmanna, leiksvæði mætti vera stærra, langt á klósett, skipti aðstaða svo eitthvað sé nefnt.
- Með vorinu fórum við stjórnendur Sunnuáss í markvissa teymisþjálfun til að auðga samvinnu okkar á milli. Við fengum tvo markþjálfara til okkar til að vinna með okkur að þéttari samvinnu í stjórnendateyminu og betri skilning fyrir hvort öðru. Við höldum fjóra fundi þar sem við förum mjög djúpt í málefnið og reyndum eftir bestu getu að finna lausn á þeim vandamálum sem höfðu verið að koma upp í stjórnenda hópnum. Með hjálp markþjálfanna fundum við leið sem okkur langaði að fara til að bæta starfsumhverfi okkar en til þess urðum við fyrst að finna hvernig við ætluðum að komast þangað og hvað hver þyrfti að gera til að endamarkmiðið gæti orðið að veruleika. Stjórnendateymið var sammála um að þessi vinna hafi verið mjög mikilvæg fyrir okkur öll og að samvinna okkar sem samstarfsaðila orðin þéttari og við mun betri í samskiptum og skilningi við hvort annað eftir þessa vinnu.
- Starfsdagar voru 6 í vetur eins og lög gera ráð fyrir. Við fengum ýmsa kennslu og fræðslu í vetur sem við nutum góðs af og þar má nefna fræðsla frá *Miðju Máls og Læsis*, Seth Sharp sendiherra gleðinnar kom með fræðslu um *Gleði, Heilbrigði og*



velliðan, Anna Gréta frá Sæborg kom með námskeið í *Skráningum*. Einnig voru Rakel aðstoðarleikskólastjóri, Elsa María fagstjóri og Ágústa verkefnastjóri fjölmenningar í stjórnunarteymi Sunnuás með námskeið í *Uppeldi sem virkar*. Farið var í heimsóknir í aðra leikskóla til að fá hugmyndir og sjá hvað aðrir leikskólar eru að gera sem gæti verið vítamínssprauta fyrir okkur. Starfsfólki fannst mjög gaman og gefandi að fá að skoða það sem aðrir leikskólar eru að gera og komu margar sniðugar hugmyndir í kjölfarið. Haldnir voru fagfundir, deildarfundir, sérkennslufundir, foreldraviðtöl, starfsþróunarviðtöl og annað sem fylgir starfi okkar í leikskólanum. Alltaf nóg að gera til að halda utan um stóran hóp einstaklinga til að hlúa vel að öllum.

- Með Farsældarlögnum voru boðaðar áherslubreytingar í menntun barna og með því var sett á stofn BBB eða *Betri Borg fyrir Börn*. Með þessum breytingum er verið að skapa meiri samþættingu á menntun barna og skapa sameiginlegan skilning á Menntastefnu borgarinnar. Í kjölfarið var sett á stofn *Lausnateymisvinna* sem gengur út á það að sérfræðingar Norðurmiðstöðvar í okkar tilfelli halda fundi með okkur stjórnendum til að aðstoða okkur í þeim málum sem við teljum okkur þurfa meiri fagþekkingu við, líkt og að fá talmeinafræðing, hegðunarráðgjafa, sérkennsluráðgjafa ofl. að borði okkur til stuðnings og ráðlegginga. Fundað var á 6-8 vikna fresti frá áramótum sem hefur gefið góða raun. Okkar fyrsti fundur var snemma á nýju ári og teljum við að hann hefði mátt vera fyrr á þessu skólaári. Við erum mjög ánægð með þetta fyrirkomulag og teljum okkur vera í miklu meiri nálægð við þá sérfræðinga sem koma að málefnum barna í Sunnuás. Frábært fyrirkomulag sem veitir starfsfólki leikskólans meiri aðhald og stuðning.
- Í vetur vorum við með 4 starfsmenn í kennaranámi frá HÍ og þurftum við að taka tillit til innilota og verknáms sem gat verið flókið þar sem innilotur eru á sama tíma og flest veikindi eru í samfélaginu. Voru sumir dagar þungir í kringum þessar vikur, en aldrei þurftum við að senda börn heim vegna þessa. Einnig vorum við dugleg að senda fólk á námskeið í vetur eins og PECS, Lubbi finnur málbein, Uppeldi sem virkar, Tras, Trúnaðarmannanámskeið, FAST – forvörn fyrir börn að þekkja einkenni heilablóðfalls, AEPS, leikskólaliðanámskeið Mímis o.fl.
- Næsta vetur ætlum við að leggja áherslu á læsi þar sem læsi mun endurspeglast í öllu okkar starfi. Við munum leggja megin áherslu á málörvun og læsi í gegnum tónlist, myndsköpun, málörvunarhópa, samverustundir, söngstundir, sögupoka, spilum ofl. Áætlað er námskeið í Lubba finnur málbein á fyrsta starfsdegi á nýju skólaári.



- Foreldrakönnun var gerð á vormánuðum og höfum við fengið sendar niðurstöður hennar. Annað foreldri hvers barns í leikskólanum fékk sendan hlekk til að taka þátt í foreldrakönnuninni og ef það foreldri svaraði ekki þá fékk hitt foreldrið möguleika á að taka þátt. Það var rúm 80% þátttaka hjá okkur sem má teljast nokkuð gott. Þegar rýnt er í foreldrakönnunina þá má sjá að skólinn hafi komið mun betur út en í síðustu könnun sem var gerð árið 2021. Það má sjá hluta af svörum foreldra hér neðst í fylgiskjöllum. Þar er hægt að sjá svörunina við sömu spurningum á mótí svörum foreldra í ár, en svörun frá 2021 eru litlu doppurnar og það má greinilega sjá að ánægja foreldra með starfið á Sunnuási hafi aukist á þessum árum.
- Annars erum við komin mjög vel á leið með mönnun fyrir haustið þannig að næsta skólaár ætti að geta byrjað mjög vel í Sunnuási.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Á starfsdegi leikskólans í maí 2023 var farið í endurmat og umbótaþætti hvernar deildar, þar sem mat á áherslum skólaársins 2022-2023 var lagt fyrir sem og aðgerðir til umbóta voru ræddar. Hver deild settist niður og gerði sitt eigið mat sem má sjá hér að neðan en þær spurningar og áherslur sem lágu fyrir endurspegluðu einkunnarorð leikskólans sem eru *Virðing, Gleði og Sköpun*. Spurningar á borð við hvernig gekk að halda úti áherslum og markmiðum sem settar voru í byrjun skólaárs? Ef ekki, hvernig má ná tilsettum markmiðum? Svo að lokum hvað gekk vel og hvað ekki? Heilt yfir gekk skólaárið sinn vanagang og starfsfólk leikskólans sátt.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Deildarstarf og skipulag	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum.	Mismunandi eftir deildum. Gekk sinn vanagang yfir skólaárið en auðvitað má gera betur. Sumar deildir þurftu betra skipulag sem

			lagaðist eftir því sem leið á skólaárið.
Leikur að læra (Kennsluaðferð)	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum. Samræður stjórnenda.	Skemmtileg kennsluaðferð sem sló í gegn hjá börnunum. Eldri deildum tókst vel að fylgja eftir tíðni stundanna en yngri deildir voru að prófa sig áfram í kennsluaðferðinni.
Blær Vinuáttuverkefni	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum.	Skemmtilegt verkefni sem skilar sér vel í barnahópinn. Eldri deildum tókst vel að fylgja eftir tíðni stundanna en yngri deildir voru að prófa sig áfram með verkefnið. Væri gagnlegt að auka fræðslu kennara.
Söngur og samverustundir	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum.	Er hluti af daglegu starfi á öllum deildum leikskólans þar sem ýmist er sungið eða lesið. Mikilvægt er að undirbúa vel þessar stundir, tvískipta börnunum og hafa námsefnið við hæfi aldurs.
Listasmiðja	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum. Vangaveltur verkefnastjóra listasmiðju og	Gekk vel og mikill áhugi meðal barna og kennara. Verkefnastjóri listasmiðjunnar sá að



		Samræður hans við börnin.	mestu um þessar stundir fyrir elstu börnin.
Tónlist	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum. Vangaveltur verkefnastjóra tónlistar og samræður hans við börnin.	Tónlistin tók verulegum framförum þennan skólavetur. Börnin með mikinn áhuga á tónlistinni og námsefnið tengt henni virkilega gagnlegt fyrir fjöltýngd börn.
Gefðu 10	Á skipulagsdegi í maí 2023	Starfsmenn leikskólans inni á sínum deildum.	Skemmtilegt verkefni sem hefur gagnast vel börnum sem standa höllum fæti. Sett var upp skemmtileg keppni milli deilda svo tíðni gefðu 10 fyrir börnin dali ekki. Keppnin hefur bætt starfsanda leikskólans.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Send var út könnun í tölvupósti til starfsmanna	Allir starfsmenn leikskólans fengu könnunina í tölvupósti.	Starfsmannakönnunin 2023 kom vel út og ekki talið ástæði til frekari úrbóta.
Foreldrakönnun	Send var út könnun í tölvupósti til foreldra	Annað foreldri allra barna fengu könnunina senda í tölvupósti.	Niðurstöður foreldrakönnunar fyrir árið 2023 er ný komin í okkar hendur og má segja að við



			komum mun betur út núna en í síðustu könnun sem var tekin 2021. Þar má sjá aukna ánægju með samskipti og nám. Kemur einnig fram ónægja með húsnæðismál þar sem við erum í bráðabirgðar húsnæði sem hentar ekki öllum.
--	--	--	---

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Með nýju skólaári er stefnt að eftirfarandi:

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem nálgast má nám barna frá tveggja ára aldri í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra námsefnið er hugsað út frá sjónarhorni barna og þörf barna að hreyfa sig með lærdóm og innlögn að leiðarljósi. Stefnt verður að því á næsta skólaári að elstu deildirnar verði með að jafnaði tvær Leikur að læra kennslustundir á viku, þar sem íslensku- og stærðfræðikennsla verði megin markmið kennslustundarinnar. Yngri deildir munu líka tileinka sér ákveðna útfærslu af Leikur að læra kennsluaðferðinni, þar sem verið er að kenna yngstu börnunum að vera þátttakendur í stundunum og að fara eftir fyrirmælum kennara. Stefnt er að því á skólaárinu 2023-2024 að öll börn leikskólans fari í skipulagðar leikur að læra stundir aðlagðar eftir þeirra aldri og getu.

Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti og er ætlað leik- og grunnaskólum. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipt og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Í vináttuverkefninu er unnið með umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Á skólaárinu 2023-2024 er stefnt að því að hver og ein deild haldi uppi Vináttuverkefninu á sinn hátt, háð aldri og getu barnanna. Vinuáttustundir verða að jafnaði einu sinni á viku en þrátt fyrir það er námsefni og boðskapur verkefnisins fléttuð í daglegt starf.

Fjölmennung vísar til staða þar sem ólíkir einstaklingar með margvíslega menningu (menntun, aldur, kyn, kynhneigð, lífstíl, hefðir, siði, trú og þjóðerni) býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli. Hér á Sunnuási höfum við lagt mjög mikla áherslu á fjölmennningarlegt samfélag þar sem tekið er vel á móti öllum. Á skólaárinu 2023-2024 munum við halda áfram þeirri vinnu áfram og betrubæta það sem við höfum unnið með á þessu skólaári. Verkefnastjóri fjölmennungar sem hefur séð um samskipti við foreldra (tekið alla foreldra af erlendum uppruna í fyrsta viðtal), haldið utan um verkefni líkt og Gefðu 10 sem og halda utan um málörvun á deildum, vera með skipulagt starf og vera í samstarfi við Norðurmiðstöð.

Næsta skólaár, 2023-2024 hefur verið ákveðið að leggja áherslu á læsi barna og þar mun Lubbi finnur málbein spila stór hlutverk. Lubbi finnur málbein er verkfæri sem hægt er að styðjast við til að læra íslensku bókstafina og málhljóð þeirra. Vinnan með Lubba hefur þegar hafist þar sem ein deild skólaárið 2022-2023 fékk svigrúm til að prófa sig áfram með verkefnið. Tveir starfsmenn sóttu Lubba námskeið, námsefni var keypt og sett var upp Lubbaland með öllum málhljóðunum. Á skólaárinu 2023-2024 verður tekinn starfsdagur fyrir Lubba námskeið og áhersla verður á Lubba í hópstarfi deilda.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Áætlanir	Að fylgjast vel með öllum verkefnum og gera áætlanir fyrir hvert verkefni og svo skila þeim frá sér þegar það á við.	Hafa heildaryfirsýn með komandi verkefnum og hvert þau stefna	stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Mái 2024	Á ekki við.	Þegar yfirsýn yfir verkefni er góð og allar áætlanir standast og á sínum stað.
Starfsmannaviðtöl	Að boða allt starfsfólk í viðtal með stjórnendum leikskólans. Samtal um starfslíðan og þróun í starfi.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka starfsmannaviðtöl	stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Mái 2024	Með einstaklingsviðtölum	Að allir starfsmenn hafi farið í viðtal hjá stjórnenda. Aukin vellíðan hjá starfsfólki.
Uppeldis- og menntastarf							
Leikur að læra	Halda uppi kennsluáðferð inni Leikur að læra. Þar sem skipulagðar stundir eiga sér stað 2x í viku. Börnin læra í gegnum hreyfingu.	Starfsfólk Sunnuáss sækir eftir bestu getu námskeið í leikur að læra. Hafa reynda starfsmenn til staðar til að leita ráða hjá. Leikur að læra stundir verða 2x í viku og verða aðlagðar aldri og getu barnahópsins.	stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Mái 2024	Metið reglulega með fagfundum og deildarfundum. Svo væri sniðugt að fá Kristínu frá <i>Leikur að læra</i> til að taka stöðuna þegar líður á árið.	Vellíðan og aukin kunnátta/færni hjá börnum. Kennarar með áhuga á stundunum.
Vináttuverkefnið Blær	Taka inn áherslur vinnuáttuverkefnis Barnaheilla þar sem áhersla er á vináttu og tilfinningar barna.	Hver deild mun útbúa sína útfærslu á vináttuverkefninu. Hvort það sé í samverustundum eða hópstarfi. Að þessar stundir séu að meðaltali 1-2 í viku.	stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Mái 2024	Metið á deildarfundum hverrar deildar.	Vellíðan og aukin tilfinningatjáning hjá börnunum. Kennarar og börn með áhuga á stundunum.
Lubbi	Taka inn/innleiða áherslur Lubba, kynna börnunum fyrir íslensku stöfunum og máhljóðum þeirra.	Hver deild mun útbúa sína útfærslu á Lubba verkefninu. Hvort það sé í samverustundum eða hópstarfi. Að þessar stundir	stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Mái 2024	Metið á deildarfundum hverrar deildar.	Vellíðan og aukin kunnátta/færni hjá börnum.



		séu að meðaltali 1-2 í viku.					
Mannauður/ Leikskóla- bragur							
Samvinna og samskipti	Að deildir vinni vel saman og njóti þess. Ásamt því að samskipti séu tíð og jákvæð. Hægt væri að vera með flæði á milli deilda eða opið á milli deilda, starfsmannskipti og svo framvegis.	Deildarstjórar koma sér saman um hvernig megi auka samvinnu og betri samskipti. Flæði í matsal verður skipulagt, dagar skipulagðir þar sem opið er á milli deilda, eldri börn hjálpa yngri og svo framvegis.	Stjórnendur og allt starfsfólk	Sept. 2023	Maí 2024	Meitið á deildarfundum og á starfsdögum.	Aukin og betri samskipti á milli starfsmanna ásamt samvinnu. Aukin vellíðan hjá börnum og starfsfólki.
Skemmti- nefnd	Að leikskólinn setji virka starfsmenn saman í nefnd sem vinna markmisst í að bæta starfsandann.	Starfsmenn í skemmtinefn fundi reglulega og setji upp skemmtilega dagskrá sem henti flestu starfsfólki. Hvetji svo starfsfólkið til þátttöku.	Allt starfsfólkið	Sept. 2023	Maí 2024		Betra vinnu- umhverfi og vellíðan starfsfólks.
Innra mat							
Deildar- fundir	Með komandi skólaári stefnum við á að halda deildarfundum á tveggja vikna fresti.	Með góðu samstarfi og samvinnu á milli deilda.	Allt starfsfólk leikskólans.	Sept. 2023	Maí 2024	Með samtali starfsfólks. Á deildarfundum aðra hverja viku.	Sáttir og skipulagðir starfsmenn, gott upplýsingaflæði.
Endurmat á starfsdegi	Í lok skólaárs verður skipulagður einn starfsdagur til að fara í endurmat og umbótaþætti.	Hver deild metur þá vinnu sem unnin hefur verið yfir veturinn, hvað fór vel og hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur og gerir umbótaáætlun. Skilar svo inn til leikskólalastjóra.	Allt starfsfólk, hver deild metur vinnuna á sinni deild.	Ekki ákveðið	Ekki ákveðið	Að vori þegar starfsáætlunar gerð fer á fullt.	Allar deildir skila af sér endurmati.
Deildar- stjórafundir út frá teymis- þjálfun	Yfir skólaárið verða stjórnendur leikskólans í teymisþjálfun með markþjálfum til að vera meira	Fundað verður eftir þörfum með markþjálfum og hann kemur með ýmis verkfæri til að hjálpa stjórnendum.	Stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Maí 2024	Með því að skoða líðan og samvinnu stjórnenda gagnvart teymisþjálfuninni.	Öllum stjórnendum líði vel og séu ánægðir í starfi og fái þann stuðning sem þeir



	samstíga í vinnu sinni eftir áherslum leikskólans.						þurfa á að halda.
--	--	--	--	--	--	--	-------------------

4 Innra mat Barnhóll

Á Barnhóli voru að jafnaði 17 börn skólaárið 2022-2023. Öll börn á Barnhóli voru fædd árið 2021 en með þeim voru 7 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli. Smávægilegar starfsmannabreytingar urðu hjá deildinni en tveir starfsmenn minnkuðu við sig um starfshlutfall en ráðinn var inn nýr starfsmaður í fullt starf. Samstarfið inni á deild gekk mjög vel, samskipti milli starfsmanna voru mjög góð. Starfsmenn voru skipulagðir, stundvísir og báru traust til hvors annars. Svo heilt yfir mjög góður starfsandi á deildinni.

Aðlögun nýrra barna gekk nokkuð vel en vegna flutninga í nýtt húsnæði og vegna mikilla breytinga á barnahópnum í byrjun og inn í skólaárið dróst aðlögunin smá á langinn. Vorum við enn í kringum jólin að aðlaga inn ný börn og færa á milli deilda. Heilt yfir gekk vel að kynnst foreldrum og börnum og þau vel aðlöguð að okkur og umhverfinu. Barnahópurinn á deildinni er flottur og fjölbreyttur, börnin eru dugleg að leika sér saman. Eru flest öll börnin meira en tilbúin að fara upp á næstu deild.

Skólaárið 2022-2023 var unnið markvisst með málörvun og spilaði þar Gefðu 10 og Lubbi finnur málbein stóran þátt. Við fórum í hópastarf eftir bestu getu og unnið var með Könnunarleikinn, Vináttuverkefnið Blæ, listasmiðju og hreyfirými. Hópastarfið hefur einkennst af lærdómi um liti, dýr, fatnað, líkamann og svo framvegis. Svo var alltaf sameiginleg söngstund fyrir yngri deildir á föstudögum í salnum.

Það sem mætti bæta eru ferðir deildarinnar og útikennsla. Tíðni útvera á deildinni hefur verið betri þetta skólaárið en á næsta skólaári er stefnt að útveru 1x á dag fyrir öll börn óháð aldri. Við viljum líka vera duglegri með Lubba og málbeinin og er á planinu að fá meiri fræðslu á því sviði. Við værum einnig til í að auka lestur innan deildarinnar og hafa þá skipulagðari samverustundir og mögulega skipta þeim meira niður í fleiri samveruhópa.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfs hjálp	Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. Reyna alltaf að leyfa barninu að gera hlutina sjálf áður en farið er í að hjálpa því. Mikilvægt fyrir börnin að prófa sig áfram. Mikilvægt að gefa sjálfs hjálpinni tíma, ekki flýta sér.	Vinna markvisst með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna, hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim. Gefa börnunum góðan tíma til að framkvæma hlutina sjálf.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023.	Júní 2024.	Með deildarfundum og á starfsdögum.	Betri félagsfærni og sjálfs hjálp barna Matsalur, borða með gaffli og drekka úr glösum. Ná í fötin sín í fataherbergi.
Blær	Að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng.	Börnunum er skipt upp í hópa. Vináttu stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með tíðni vináttu stunda. Einnig á deildarfundum aðra hverja viku og á starfsdögum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Hvort barnið geti sett sig í spor annarra og tjái tilfinningar sínar.
Lubbi	Að börnin læri grunninn að íslensku bókstöfunum og málhljóðunum þeirra, með skipulögðum stundum þar sem sungið er saman og farið í skipulagða leiki.	Börnunum er skipt upp í hópa. Lubba námsefnið verður sýnilegt inni á deildum. Lubba námsefnið verður einnig tekið fyrir í samverustundum.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk, gott ef einn starfsmaður taki verkefnið í sínar hendur	Sept. 2023	Júní 2024	Með tíðni Lubba stunda. Einnig á deildarfundum aðra hverja viku og á starfsdögum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Að barnið kunnir grunninn í íslensmálhljóðunum. Kennarar með áhuga á stundunum.
Könnunar-leikur	Upplifun barna með óhefðbundinn og verðlausan efnivið. Kveikja á ímyndunarafli barnanna og fá þau til að þróa sig áfram í leiknum.	Könnunar-leikurinn í hópastarfi þar sem börnunum er skipt upp í hópa. Kennari er á staðnum og er þátttakandi í leiknum.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með samtali deildarstarfsfólks á deildarfundum og með myndaskráningum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Að barn noti ímyndunaraflið sitt í leik.
Samvera	Fara í leiki, lesa og syngja með börnunum. Velja bækur og annað námsefni sem hentar aldri / þroska barnanna. Jafnvel leyfa börnunum að taka þátt í valinu. Skapa jákvæð og	Börnunum er skipt í hópa. Sögupokar / bækur og hlutir tengdir sögunni. Læra vísur, þulur og önnur sönglög. Hringleikir og hreyfileikir.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum og samræðu á milli deildarstarfsfólks.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum. Það þarf að bæta endurtekningar bóka og miða erfiðleika bóka út frá aldri og getu hópsins. Svo var of mikið af dótum



	uppbyggileg samskipti.	Dansa og hreyfa sig frjálst eftir tónlist					sýnilegt sem var að trufla einbeitingu barnanna- Mikið áreiti.
Gefðu 10	Að einn starfsmaður verði settur yfir verkefninu á deildinni.	Starfsfólk muni eftir því að skrá málörvunar stundirnar.	Sá starfsmaður sem tekur að sér verkefnið	Sept 2023	Júní 2023	Með deildarfundum og á starfsdögum	Bæta málumhverfi barnanna og til að ýta undir málþroska barna með fleiri tungumál.

5 Innra mat Álfholt

Þetta skólaár voru að jafnaði 18 - 20 börn á Álfholti, fædd á árunum 2020-2021. Með þeim barnahópi unnu 4-5 kennarar með barnahópinn. Yfir skólarárið áttu sér stað ýmsar starfsmannabreytingar, en starfsmenn voru færðir á milli deilda, annar deildastjóri bættist við í september og voru því tveir deildastjórar á deildinni. Eftir áramót urðu svo aftur breytingar á deildarstjórastöðunni sem gerði það að verkum að einn deildarstjóri sat eftir. Samstarf og samskipti starfsmanna hefði mátt ganga betur þar sem starfsfólk tók smá tíma til að slípast saman. Innleitt var einfalt skipulag/verkefnaskipting inni á deildina sem starfsmenn skildu betur og hefur samstarfið gengið mun betur síðan. Starfsmenn eru mjög ánægðir með styttinguna og nýta hana til fulls.

Aðlögun nýrra barna gekk nokkuð vel en aðlögun á milli deilda dróst smá á langinn og myndaðist oft flöskuháls barna hjá Álfholti. Barnahópurinn var fjölbreyttur og misjafn, haustið reyndist erfitt, með tímanum þroskaðist barnahópurinn og allt gekk miklu betur.

Skólaárið 2022-2023 var unnið markvisst með málörvun og þar spilaði Gefðu 10 stórt hlutverk. Við fórum í hópastarf eftir bestu getu og unnið var með Leikur að læra, Vináttuverkefnið Blær, listasmiðju, spilastundir, útikennslu og hreyfirými. Efniviður listasmiðjunnar var vel nýttur í listasmiðjunni og inni á deild en börnin voru áhugasöm þegar kom að því að mála, lita og líma.

Samverustundir eru í dagskipulaginu okkar þar sem spjallað er saman, lesið og sungið með börnunum. Útveran var ávallt á sínum stað. Svo var alltaf sameiginleg söngstund fyrir yngri gang á föstudögum. Undir lok skólaárs var farið af stað með Lubbi finnur málbein og prófaði deildin að vera með Lubbastundir. Væri mjög gagnlegt að halda áfram með þá vinnu fyrir þennan aldur næsta skólaár. Það sem mætti bæta væri tíðni ferða/útikennslunnar, væri gaman að leggja meiri áherslu á söngstundir, undirbúa þær betur og jafnvel fá hljóðfæri inn í þær.



Leikur að læra og vináttuverkefnið gekk vel miðað við aldur barna en þær stundir mættu vera markvissari. Að lokum væri gaman að vera með þemadaga mánaðarlega.

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær	Að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng. Að börnin læri að setja öðrum mörk og að þau læri að setja sig í spor annarra.	Börnnum skipt upp í hópa sem rúllað er í Blær stundir. Helmingur inni og hinn helmingur úti. Blær stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sep. 2023	Júní 2024	Með tíðni vináttu stunda. Einnig á deildarfundum aðra hverja viku og á starfsdögum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Hvort barnið geti litið í eigin barm og tjáð tilfinningar sínar. Kennarar með áhuga á stundunum.
Leikur að læra	Að barnið geti unnið í hóp og tekið þátt í verkefnum sem lögð eru fyrir í gegnum leikinn. Áhersla verður á liti, talningu.	Börnnum er skipt upp í hópa sem rúllað er í LAL stundir. Helmingur inni og hinn helmingur úti. LAL stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna. Bæta kennslu- aðferðina og flétta inn dýrin, fatnað, tilfinningar og fl. Sem hentar ungum börnum. Væri sniðugt að rúlla námsefni á 3 vikna fresti. Væri gott að hafa viðmið /markmið til að styðjast við.	Verkefna stjórn, deildarstjóri og deildarstarfsmaður	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum og á starfsdögum. Einnig með tíðni Leikur að læra stunda.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Velliðan og aukin kunnátta/ færni hjá börnum, sem og hreyfigeta. Kennarar með áhuga á stundunum. Gekk mjög vel með eldri börn og aðeins erfiðara með yngstu. Elstu börnin lærðu litina og talningu. Hóparnir breyttust yfir önnina sem gerði framkvæmdina erfiða.
Útivera/ útikennsla	Fara í ferðir og gera þær að föstum lið þegar veður leyfir. Kynnast betur náttúru og nærumhverfi. Nýta ferðir til að vikka ímyndunaraflað	Skipuleggja ferðir og halda því skipulagi. Mögulega flétta ferðum inn í hópastarf/ þemu	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum skráningum og tíðni útikennslu	Að börnin fari öðru hverju út fyrir leikskólalóðina og kynnist sínu nærumhverfi. Vera vel undirbúin fyrir stundirnar. Vera með undirbúna kennslu í útiveru.



							Sjálf útikennslan gekk vel en tíðni útikennslustunda hefðu mátt vera meiri.
Sköpun	<p>Að barnið kynnist ýmsum efnivið og læri að meðhöndla hann og finna leiðir til að skapa úr verðlaus um efnivið.</p> <p>Hafa listaverk barnanna sýnileg fyrir börn og foreldra. Tengja listaverk/sköpun við þemu hverju sinni. Mikilvægt er að vera vel undirbúinn fyrir listasmiðjustundir</p>	<p>Börnunum er skipt upp í hópa sem rúllað er í listasmiðjuna. Væri gott að hafa helming inni í listasmiðju og hinn í útiveru.</p> <p>Þarf að íhuga vel verkefni sem passar fyrir ungan aldurshóp.</p>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept.2023	Júní 2024	Með deildarfundum og á starfsdögum.	<p>Að allir fái að springa út sem listamenn. Að börnin séu ánægð með sín verk. Kennarar með áhuga á stundunum.</p> <p>Að börnin fái að gera sjálf, ekki kennaraföndur.</p>
Samverustundir	<p>Lesa og syngja með börnunum. Velja bækur og söngva sem hentar þeirra aldri / þroska. Jafnvel leyfa börnunum að taka þátt í valinu. Skapa jákvæð og uppbyggileg samskipti.</p>	<p>Börnunum er skipt í hópa. Sögupokar / bækur og hlutir tengdir sögunni. Læra vísur, þulur og önnur sönglög. Hringleikir og hreyfileikir. Dansa og hreyfa sig frjálst eftir tónlist. Endurtekning</p>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum og samræðu á milli deildarstarfsfólks.	<p>Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum.</p> <p>Það var erfitt að vera með eina samveru en þegar við byrjuðum með tvær samverur gekk betur. Það þarf að bæta endurtekningar bóka og miðað við aldur. Gekk mjög vel í söngstund (sungum sömu lögin).</p>
Sjálfshjálp	<p>Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið.</p> <p>Reyna alltaf að leyfa barninu að gera hlutina sjálft áður en farið er í að hjálpa því. Mikilvægt fyrir börnin að prófa sig áfram.</p>	<p>Vinna markvisst með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna. Hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim. Gefa börnunum góðan tíma til að framkvæma hlutina sjálf. Ekki taka fram fyrir hendurnar á þeim.</p>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Á deildarfundum og með samtali starfsmanna á milli.	<p>Betri félagsfærni og sjálfshjálp barna</p> <p>Það gekk vel að vinna með sjálfshjálpinu. Matsalurinn gekk vel, börnin skammta sér mat og ganga frá eftir sig.</p> <p>Fylgjast betur með ávaxtastund og passa hreinlæti þar. Bæta þyrfti myndrænt skipulag í fataklefanum. Klósettþjálfun byrjaði í lok skólaárs.</p>



6 Innra mat Ás

Yfir veturinn 2023-2024 þá voru að jafnaði 22 börn á deildinni Ás. Deildin var með 4-6 starfsmenn starfandi á deildinni. Börnin á deildinni yfir veturinn voru fædd á bilinu 2018 – 2020. Ás var í vetur með fá börn sem komu í aðlögun frá öðrum leikskólum og kom meirihluti barnanna af yngri deildum leikskólans. Deildarstjóri Áss hafði verið deildarstjóri á yngri deild þar sem meirihluti barnahópsins á haustönn hafði verið. Þau börn sem komu ný inn á deildina voru fá og öll nýflutt til Íslands með mismunandi bakgrunn. Aðlögun þeirra barna gekk mjög vel. Barnahópurinn endurnýjaðist töluvert um áramótin og tók við aðlögun á milli deilda. Barnahópurinn á Ási var þá orðin aðeins yngri eftir áramótin og stór meirihluti voru drengir og mörg þeirra tvítyngd.

Starfsmannahópurinn var að mestu sá sami yfir veturinn með smá breytingum um áramótin. Á haustönn voru starfsmenn sem áttu ekki saman og var brugðist við því. Starfsmannahópurinn frá áramótum var hópur sem hafði áður unnið vel saman og gekk allt mjög vel fyrir sig. Deildarstjóri lagði mikið upp úr því að allir starfsmenn hefðu áhuga á starfi sínu og ættu opin samskipti sín á milli.

Hópastarfið tók stöðugum aðlögunum sem leið á veturinn. Svo að hópastarfið skilaði bestum árangri var að vinna með hópaskiptingu daglega þar sem tveir hópar voru inni í tveimur hópastarfsverkefnum á meðan aðrir tveir hópar voru úti, svona gekk vikan á víxl. Með þessu móti fengu öll börn að fara í skipulögðu starfi í listasmiðju, Lubbastund, LAL, Tónlistarkennslu og Blær í samverustundum á miðvikudögum.

Það sem mætti huga betur að eru skráningar í leikskólastarfi og halda utan um verkefnið Barn vikunnar. Eins langar okkur að allir starfsmenn hafi þekkingu á Blær, Lubbi og LAL svo allir geti gripið í þegar þörf er á.

UMBÓTAPÁTTUR/UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur

Blær	Að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng.	Börnunum skipt upp í hópa í Blær stundir. Blær stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept.2023	Júní 2024	Með tíðni vináttu stunda. Einnig með deildarfundum aðra hverja viku og á starfsdögum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Hvort barnið geti litið í eigin barm og tjáð tilfinningar sínar. Kennarar með áhuga á stundunum.
Leikur að læra	Að barnið geti unnið í hóp og tekið þátt í verkefnum sem lögð eru fyrir í gegnum leikinn. Áhersla verður á liti, bókstafi og talningu.	Börnunum er skipt upp í hópa sem rúllað er í LAL stundir. LAL stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna.	Verkefnastjóri, deildarstjóri og deildarstarfsmaður	Sept.2023	Júní 2024	Með deildarfundum og á starfsdögum. Einnig með tíðni Leikur að læra stunda.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Velliðan og aukin kunnátta/ færni hjá börnum, sem og hreyfigeta. Kennarar með áhuga á stundunum.
Lubbi	Að börnin læri grunninn að íslensku stöfunum og máhljóðunum þeirra, með skipulögðum stundum þar sem sungið er saman og farið í skipulagða leiki.	Börnunum er skipt upp í hópa í Lubba stundir. Lubba námsefnið verður sýnilegt inni á deildum. Lubba námsefnið verður einnig í samverustundum	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sep. 2023	Júní 2024	Með tíðni Lubba stunda. Einnig á deildarfundum og á starfsdögum.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Að barnið kunnir grunninn í íslenskumáhljóðunum. Kennarar með áhuga á stundunum.
Sjálfs hjálp	Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. Reyna alltaf að leyfa barninu að gera hlutina sjálf áður en farið er í að hjálpa því. Mikilvægt fyrir börnin að prófa sig áfram.	Vinna markvisst með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna, hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim. Gefa börnunum góðann tíma til að framkvæma hlutina sjálf.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum aðra hverja viku og spjalli starfsmanna á milli	Betri félags-færni og sjálfs hjálp barna. Matsalurinn, fataherbergi, salerni ef barnið fær möguleika á að prófa sig áfram þá lærir barnið mest.
Samverustundir	Lesi og syngja með börnunum. Velja bækur og söngva sem hentar þeirra aldri / þroska. Jafnvel leyfa börnunum að taka þátt í valinu. Skapa jákvæð og uppbyggileg samskipti.	Börnunum er skipt í hópa. Sögupokar / bækur og hlutir tengdir bókinni. Læra vísur, þulur og önnur sönglög. Hringleikir og hreyfileikir. Dansa og hreyfa sig frjálst eftir tónlist	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept.2023	Júní 2024	Með deildarfundum og samræðu á milli deildarstarfsfólks.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum. Færri í hóp svo að allir njóti.



7 Innra mat Langisandur

Petta skólaár á Langasandi má skipta í fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót var Hlíðarendi (elsta deildin) sameinuð Langasandi en þá voru um 34 börn á deildinni. En það var þröngt um okkur fyrir áramót þar sem við vorum með annan leikskóla inná okkur sem gerði það að verkum að það var svolítið þröngt um okkur. Svo eftir áramót var ákveðið að færa elstu börnin inn í sal leikskólans með það í huga að dreifa börnum. Eftir þær breytingar var einnig farið í aðlaganir á börnum í öllu húsinu og endaði Langisandur með 22 börn, fædd á árunum 2018-2019. Aðlögun nýrra barna gekk nokkuð vel en aðlögun á milli deilda dróst smá á langinn. Barnahópurinn var fjölbreyttur og misjafn, haustið reyndist erfitt, með tímanum þroskaðist barnahópurinn og allt gekk miklu betur.

Með breytingunum um áramót urðu einnig starfsmannabreytingar, þar á meðan breytingar á deildarstjórástöðunni. Með barnahópnum eftir áramót voru að jafnaði 4 kennarar. Samstarf og samskipti starfsmanna hefðu mátt ganga betur. Allt starfsfólkið hafði ekki unnið saman áður svo það tók smá tíma fyrir kennarana að aðlagast hvort öðru. Með tímanum lagaðist samvinnan og allir sátir eftir skólaárið. Starfsmenn eru mjög ánægðir með styttinguna og nýta hana til fulls.

Allt hópastarf, Leikur að læra, tónlist, Blær vináttuverkefnið, listasmiðjan gekk mjög vel og hélst tíðni hópastarfsins vel yfir skólaárið. Deildin fékk mikla hjálp frá verkefnastjórum leikskólans þegar kom að skipulögðu hópastarfi, en þeir komu inn með Leikur að læra, tónlistina og listasmiðjuna.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær	Að börnin skilji mismunandi tilfinningar/hugtök, hvernig maður á að koma fram við önnur börn og hvernig á að lesa í ýmsar aðstæður.	Með því að vera með vináttustund í hópastarfi einu sinni í viku. Blær stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Mái 2024	Með virkni í vináttustund og á deildarfundum	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Hvort barnið geti litið í eigin barm og tjáð tilfinningar sínar. Kennarar með áhuga á stundunum.



		ábyrgð á tíðni stundanna.					
Leikur að læra	Að börnin fái „bóklega“ kennslu í gegnum hreyfingu. Höfum verið með áherslur á innlögn á stöfum, forsetningar, tölur/stærðfræði, rím o.fl.	Börn mæta í Leikur að læra tíma í hópastarfi 2 í viku. LAL stundir verða skipulagðar í vikuskipulagi og ákveðinn starfsmaður mun bera ábyrgð á tíðni stundanna.	Verkefna stjóri og deildarstjóra	Sept. 2023	Mái 2024	Með virkni í LAL stundunum og á deildarfundum	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Velliðan og aukinn kunnátta/ færni hjá börnum, sem og hreyfigeta. Kennarar með áhuga á stundunum.
Útikennsla	Börnin þekki umhverfið sitt og hvernig á að aðlagast umhverfi sínu, hvar sem það er. Hvernig á að vera í náttúrunni og líka umferðarreglur.	Fara í reglulegar ferðir yfir allt skólaárið. Nýta vel umhverfið í kringum leikskólann. Má taka annað hópastarf út og tengja við náttúruna	Deildarstjóri, verkefnastjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Mái 2024	Með eftirfylgni í ferðum, deildarfundum	Börnin hafa verið dugleg að fylgja reglum og hlusta á kennara. Taka virkan þátt í samræðum og dugleg að virða umhverfi sitt.
Samvera	Að börn séu óhrædd við að eiga samræður í hóp og tala við kennara og hvort annað. Að geta setið í smá stund og hlustað á lestur og tekið þátt í lestrinum, vera óhrædd við að syngja og læra flóknari lög. Einfaldlega vera opnari.	1-3 samverur á dag með lestri, söng eða spjalli. Mikilvægt að lesa í barnahópinum og skipta honum upp og vera með samverur aðlagðar að færni barnanna	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Mái 2024	Það var svolítið svona „learning by doing“ annars deildarfundum	Samveran er mjög skemmtileg hjá okkur og taka flest öll börnin mjög virkan þátt í samverum hjá okkur
Listsköpun	Stefnt var að efla frjálsa sköpun, efla fínhyfninga, efla grófhreyfinga, efla listtjáningu þeirra og fá að kynnast marvíslegum efnivið.	Vera með skipulögð listaverkefni í hópastarfi 2 daga í viku. Svo að auki vera dugleg að vera með listasköpun inni á deild.	Verkefna stjóri, deildarstarfsfólk og deildarstjóra	Sept. 2023	Mái 2024	Með virkni í barnahópnum, tíðni listsköpunar og á deildarfundum. Verk uppi á veggjum og skráningar í ferilmöppu.	Að allir fái að springa út sem listamenn. Að börnin séu ánægð með sín verk. Kennarar með áhuga á stundunum.
Sjálfbærni	Að börn öðlist aukna færni til að takast á við lífið. Reyna alltaf að leyfa barninu að gera hlutina sjálft áður en farið er í að hjálpa því. Mikilvægt fyrir börnin að prófa sig áfram. Að börnin verði sjálfstæð í fataherbergi og matsalnum með sem allra minnstu aðstoð.	Vinna markvíst með sjálfsmynd og félagsfærni barnanna, hvetja þau til að gera sjálf og hrósa þeim. Gefa börnunum góðan tíma til að framkvæma hlutina sjálf.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Mái 2024	Deildarfundir	Betri félagsfærni og sjálfshjálp barna



8 Innra mat Hlíðarenda

Skólaárið á Hlíðarenda má skipta í fyrir og eftir áramót, fyrir áramót var Hlíðarendi sameinaður við Langasand (næst elsta deildin), þá voru á Hlíðarenda 34 börn, og 9 starfsmenn. Það var erfitt og plásslítið fyrir áramót þar sem að annar leikskóli var að nýta hluta af leikskólanum okkar fyrir áramót. Eftir áramót þegar leikskólinn var farinn var sú ákvörðun tekin að skipta deildinni upp og færa elstu börnin yfir á Hlíðarenda inn í sal til að létta aðeins á fjöldanum á hverri deild. Í kjölfarið var farið í aðlögun á milli deilda hjá okkur en þegar búið var að færa öll börn til í leikskólanum voru 23 börn á Hlíðarenda og 4 starfsmenn.

Allt gekk betur eftir fækkun barna, Gefðu 10 listinn var meðal annars styttri, við náðum að klára verkefni úr listasmiðjunni, það var meiri ró yfir hópnum og það gekk betur í öllu hópastarfi. Börn í skólahóp voru tekin í Hljóm-2 könnun sem er tekin í september ár hvert, þau börn sem þurftu meiri þjálfun í málhljóðunum fóru í markvissa vinnu með verkefnastjóra fjölmenningar og svo var könnunin tekin aftur á þeim í febrúar þar sem sást mikill munur á niðurstöðum. Allt hópastarf, kennsluáðferðin Leikur að læra, vináttuverkefnið Blær, listsköpun og tónlistin gekk vel. Vikuskipulag hélt sér nánast undantekningarlaust sem bjó til góða rúttínu. Deildin vann vel og mikið með verkefnastjórum skólans og aðstoðuðu þá við þeirra verkefni, en samvinna var með verkefnastjórum listasmiðju og tónlistar.

Barnahópurinn var fjölbreyttur og misjafn en með tímanum þroskaðist barnahópurinn og allt gekk miklu betur. Sérkennsla inni á deild var mikil og huga þurfti að henni. Oft á tíðum var smá púsluspil að redda sérkennslunni en gott samstarf og samskipti kennara hjálpaði mjög þar. Samstarf kennara gekk mjög vel, allir kennararnir sem tóku við Hlíðarenda höfðu unnið saman fyrir áramót, mikið umburðarlyndi og samvinna myndi lýsa samskiptum kennaranna á Hlíðarenda eftir áramót. Starfsmenn eru mjög ánægðir með styttinguna og nýta hana til fulls.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær	Að börnin læri að bera virðingu fyrir hvort öðru, læri að setja hvort öðru mörk í samskiptum og	Nýta efniviðinn ætlaðan 4-6 og 6-9 ára börnum, kynna sér hann og undirbúa börnin betur	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sep. 2023	Júní 2024	Með tíðni vináttu stunda. með deildarfundum og umræðum	Að barnið njóti stundanna. Að barn tekur þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Að barnið

	lesa inni tilfinningar annarra.	fyrir grunnskólann.					þekki eigin tilfinningar, geti lýst því hvernig því líði
Leikur að læra	Að barnið geti unnið í hóp og tekið þátt í verkefnum sem lögð eru fyrir í gegnum hreyfileiki. Áhersla að hausti er að undirbúa börnin fyrir HLJÓM-2, eftir það verður áhersla á Rím, setja saman bókstafi og tölur.	Að fleiri starfsmönnum deildar sé kennt að setja upp LAL stundir svo að það séu minni líkur á að tímarnir forfallist ef veikindi starfsmanna koma upp.	Verkefna stjóri, deildarstjóri og deildarstarfsmaður	Sept.2023	maí 2024	Með deildarfundum og á starfsdögum. Einnig með tíðni Leikur að læra stunda. Þjálfun starfsmanna.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum, leiki með, sýni gleði og áhuga. Velliðan og aukin kunnátta/ færni hjá börnum, sem og hreyfigeta. Kennarar með áhuga á stundunum. Leikur að læra á Hlíðarenda gekk mjög vel, öll börn nutu sín í stundunum og fannst námsefnið skemmtilegt og krefjandi
Útivera/ útikennsla	Að börnin þekki nærumhverfi sitt, læri að vera örugg í umferðinni,	Fara í reglulegar ferðir, lesa Kátugötu bækurnar. Hafa markvissa kennslu utandyra.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sept. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum og umræðum eftir ferðir	Að börnin fari út fyrir leikskóla-lóðina og kynnist sínu nærumhverfi. Vera vel undirbúin fyrir stundirnar.
Sköpun	Að barnið kynnist ýmsum efnivið og læri að meðhöndla hann og finni leiðir til að skapa úr verðlausum efnivið. Hafa listaverk barnanna sýnileg fyrir börn og foreldra. Tengja listaverk/sköpun við þemu hverju sinni. Mikilvægt er að vera vel undirbúinn fyrir lista-smiðjustundir	Sköpun hefur gengið vel og ekki þörf á úrbættum, en á næsta skólaári verður ekki verkefnastjóri listar/sköpunar og því mikilvægt að missa ekki niður það góða starf sem við höfum verið með	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sep. 2023	Júní 2024	Á deildarfundum, í samtali og mögulegu samstarfi á milli deilda.	Listaverkefni barnanna, ánægja þeirra með stundirnar. Að barnið safni sér í möppu sem það svo tekur með sér heim að vori.
Samveru- stundir	Lesi og syngja með börnunum. Velja bækur og söngva sem hentar þeirra aldri / þroska. Fara í hópleiki, æfa rím, klappa atkvæði og fleira. Læra að sitja og fylgjast með.	Það mætti undirbúa samverustundirnar betur fyrir fram, Skipta börnunum í fleiri hópa þar sem tekið er mið af málþroska þeirra. Lesi aftur sömu bækurnar.	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk	Sep. 2023	Júní 2024	Með deildarfundum og samræðu á milli deildarstarfsfólks.	Að barnið njóti stundanna. Að barn taki þátt í stundunum. Að barnið æfi sig í að fylgjast með og einbeita sér að þeim verkefnum sem eru í gangi.



9 Innra mat verkefnastjóra

Tónlist:

Kennsla tónlistar hefur gengið mjög vel á þessu skólaári, árangurinn hefur verið flottur og börnin hafa sinnt mörgum flottum verkefnum t.d. að syngja á öldrunarheimilum og Barnamenningahátíð Reykjavíkurborgar. Á skólaárinu var heildarfjöldi barna með fleiri en eitt tungumál um 60% og því þótti okkur mjög mikilvægt að finna leið til að hjálpa þessum börnum með að læra íslensku, taka þátt í söngstundum og samverustundum. Við sáum mikinn mun á málþroska þessara barna eftir að tónlistarkennsla varð markvissari. Þar sem þessi staða er ný á Sunnuási hefur mikil vinna farið í að undirbúa allskonar verkefni, leiki og myndræna texta til að vekja athygli á tónlist og að kenna, þessi verkfæri hafa sýnt góðan árangur og hægt er að sjá talsverðan mun á bæði áhuga og getu barna til að læra nýja og erfiðari texta.

Í samtölum við deildir um hvernig starfið hefur gengið var almenn ánægja en nokkrir punktar stóðu upp úr sem mætti bæta. Samstarf við deildir og upplýsingaflæði má vera betra, og getur aðstoðað deildirnar í að bæði koma áleiðis til foreldra, hvað er verið að syngja hverju sinni, og að vinna verkefni á deildunum sem tengjast lögnum. Einnig mætti syngja meira af árstíðarbundnum lögum, gott væri að eiga til lista af lögum sem tengjast hverju tímabili og hátíðum sem hægt væri að grípa í.

Tónlistarstefna skólans er enn að þróast en það hefur verið skemmtilegt að læra og sýna flókinari lög sem sýna almennilega hvað getu börnin hafa í að læra texta og mikið af verkfærum og hugmyndum hafa orðið til sem geta lagt grunn að áframhaldandi þróun. Það verður gaman að halda áfram með verkefnastjórstöðu tónlistar næsta skólaár.

Sköpun:

Kennsla sköpunar hefur gengið vel á þessu skólaári. Markmið listasmiðjunnar var að þroska sköpunargáfa barnanna og ýta undir ímyndunarafli þeirra. Ásamt því að efla hreyfifærni barna, bæði fín- og grófhreyfingar sem og að þróa hæfni barnanna að vinna í hópum. Það var klippt, límt, málað, hoggíð, sagað, neglt og svo framvegis. Að jafnaði fór verkefnastjóri sköpunar inn með starf á þrjár elstu deildirnar. Á öllum deildum var unnið með sömu þemu með mismunandi markmið eftir aldri og þörfum barnanna.

ALMENN ÞEMU					
September	Haust				
Október		Halloween 31.okt.	Jólakort Jólagjöf		
Nóvember					
Desember				Vetur	Öskubúningar Öskudagur 22.feb.
Janúar	Bóndadagur 20.jan.				
Febrúar	Tannverndarvika 1.-3.feb.	Konudagur 17.feb.			
Mars	Vor Páska (9.apr.)				
Apríl					
Maí	Sumar				
Júní		Þjóðhátíðarvika 12.-16.jún.			

Í samtölum við deildir um hvernig starfið hefur gengið var almenn ánægja en nokkrir punktar stóðu upp úr sem mætti bæta. Oft náði verkefnastjóri ekki að klára verkefnin í listasmiðjunni og þurftu deildir að klára verkefnin sem oft var ekki gert. Skipulag deilda og hópaskipting þeirra var stundum erfið í listasmiðjunni. Væri sniðugt að halda hópunum óbreyttum yfir önnina svo öll börn fái sínar stundir í listasmiðjunni. Stundum voru börn með sérkennslu stuðningslaus þegar listasmiðjan var sem gerði það að verkum að þau börn fengu ekki þá aðstoð sem þau þurftu.

Aðstaða listasmiðjunnar þetta skólaár var góð og stór. Efniviður og námsefni hennar var gott sem gerði framkvæmt verkefna auðveld. Á næsta skólaári mun leikskólinn hins vegar fara í nýtt húsnæði en út frá því húsnæði mun listasmiðjan ekki fá jafn stórt rými. Deildir munu því taka að sér listasmiðjuna og sinna verkefnum sköpunar. Svo enginn verkefnastjóri sköpunar/listasmiðju verður næsta skólaár.

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur



Tónlist	Að bæta framkomu barna enn frekar og koma oftar fram í heimsóknunum annað eða atburðum. Bæta kennslu í taktfestu, rími, kvæðum og kennslu á hljóðfærum	Fara í fleiri ferðir til þess að koma fram og syngja, og leggja enn meira í að læra lög almennilega. Notast við myndræna texta og leiki. Kaupa fleiri hljóðfæri og kenna markvisst á þau.	Verkefna stjóri tónlistar	Ágúst '23	Júní '24	Tökum reglulega myndbönd og skráningar úr ferðum. Samtal á deildarfundum og á starfsdögum	Að börnin séu orðin fullfær og sjálfstraust með að syngja þau lög sem tekin eru fyrir í ferðum og fyrir framan stóra hópa fólks
----------------	--	---	---------------------------	-----------	----------	---	---

10 Innra mat sérkennslu

Á þessu skólaári voru 12 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu/stuðnings. Þrjú þeirra í 1. flokki, þar af eitt barn með 8 tíma stuðning þrátt fyrir aðeins minna fjármagn (þarfir barnsins gerðu það að verkum að leikskólinn hefur þurft að bregðast við með því að setja auka fjármagn í hann). Fimm börn voru með 6 tíma stuðning, eitt með 4 tíma og tvö með tvo tíma. Þrjú börn eru í athugunarferli.

Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og 6 þjálfar, þar af tveir í 50% stöðu, einn í 60% stöðu og einn í 25% stöðu. Reynst hefur verið erfitt að ráða inn í sérkennslu en auglýsingar hafa verið settar út allt skólaárið og lítið um umsóknir.

Lögð hefur verið áhersla á í leikskólanum að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um að barn sé ekki að taka inn og þroskast líkt og jafnaldrar. Sérkennslustjóri og deildarstjórar eru í góðri samvinnu og samtali um börnin á deildunum. Fá deildarstjórar sérkennslustjórann reglulega til að koma og vera auka augu til að fá ráðleggingar með hin ýmsu mál, hvort sem það er erfið hegðun, vanlíðan eða félags- eða námsvandi. Þá hefur samtalið milli sérkennslustjóra og deildarstjóra mjög mikilvægt í þeirri vinnu að sjá hvort börn þurfi meiri aðstoða eða hvort deildin geti breytt einhverju til að barnið taki framförum.

Þetta skólaárið hófst vinna með þjónustumiðstöð með lausnarteymi. Þar getur leikskólinn sóst eftir rágjöf frá sérfræðingum um einstök mál. Fyrsti fundur lausnateymis var eftir áramót og hafa verið þrjár fundir á vordögum með 6-8 vikna millibili.

Tras listinn var fylltur út fyrir öll börn leikskólans sem eru innan aldurviðmiða fyrir þann lista. Tras er hjálpartæki til að sjá hvernig einstaklingarnir eru að þroskast og gott er að hafa lista sem sýnir okkur svart á hvítu framfarir barnsins. HLJÓM-2 var tekið á öllum elstu börnunum leikskólans. Hljóm-2 er mælitæki sem mælið hljóðkerfisvitund barna sem eru að fara í grunnskóla og sér hvað þarf að þjálfar betur svo að þau eigi auðveldara með að læra að lesa þegar þau koma í grunnskóla. Einnig notum við EFI-2 á þeim börnum sem við höfum áhyggjur af þroska og gefur þetta mælitæki okkur hvað það er sem barnið þarf meiri kennslu í.

Á þessu skólaári tókum við upp AEPS lista. Einstaklingsáætlanir voru gerðar í samræmi við niðurstöður AEPS. Sérkennslustjóri var með yfirumsjá yfir gerð þeirra en þjálfar sáu um mestu vinnuna. Námskráin er nýtt til þess að meta framfarir barnsins, miðað er við að hver einstaklingsáætlun samanstandi af 15-30 markmiðum og gildi í fjóra til sex mánuði. Að þeim tíma loknum er áætlunin endurnýjuð og ný markmið sett inn (gömlum markmiðum sem var ekki náð er haldið inni). Ef barnið nær ekki markmiðum þá er skoðað hvað gæti valdið því og hvort það þurfi að finna aðrar aðferðir við kennsluna. Skráningar eru í höndum þjálfara sem sjá um sérkennslu í vinnustundum

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna sem njóta sérkennslu. Sérkennslustjóri og þjálfari barns mætir á slíka fundi ásamt því að deildarstjóri kemur stundum ef talin er þörf á. Sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð hefur ekki mætt á þessa fundi þetta skólaárið, vonandi verður breyting á því.

Misjafnt er hversu oft þarf að funda út af hverju barni sem nýtur sérkennslu en algengt er að hittast á 6-8 vikna fresti. Þetta er metið með sérkennsluráðgjöfum og foreldrum barnanna.

Sérkennslustjóri heldur utan um samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir. Lítið hefur verið um samband við þjónustumiðstöð þetta skólaárið. Skipt var um sérkennsluráðgjafa á miðri önn og því hefur aðkoman verið í minni kantinum en það hefur ekki komið að sök.

Varðandi aðrar stofnanir þá er stundum haft samband við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfara. Samstarfið við Ráðgjafar og greiningarstöð hefur gengið vel. Eitt tilfelli kom upp á árinu þar sem við þurftum að leita til þeirra og óska eftir að eitt mál héðan færi inn á borð til ráðgjafa frá þeim.

Heilsugæslustöðvar hafa stundum haft samband við okkur og tala þá ýmist við leikskólastjóra eða sérkennslustjóra. Þá eru hjúkrunarfræðingar að hringja vegna áhyggja sem þeir hafa eftir að börn hafi komið í skoðanir hjá þeim og vilja heyra í leikskóla barnsins um þroska og framfarir.

Sérkennslustjóri situr örfundi með deildarstjórum á hverjum morgni þar sem færi gefst á að fara yfir verkefnastöðu/mönnun dagsins og vikunnar. Einnig situr sérkennslustjóri á deildarstjórafundum á 2 vikna fresti og aðra almenna starfsmannafundi.

Sérkennslustjóri leggur áherslu á að deildarstjórar hafi samband ef að áhyggjur vakna varðandi þroska ákveðinna barna. Unnið er eftir ákveðnu ferli í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Snemmtæk íhlutun fer eftir vanda hverju sinni en algengast er að um sé að ræða málerfiðleika, þroskaskerðingu eða erfiða hegðun. Ráðgjöf og stuðningur fer eftir eðli mála. Þegar búið er að prófa snemmtækar íhlutanir eða ráðgjöf vantar er málið tekið fyrir á lausnateymisfundi. Þar mæta sérfræðingar frá þjónustumiðstöð og mál þessara barna rædd. Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar veita ýmislega ráðgjöf, koma í áhorf eða ráðleggja að send verði inn tilvísun fyrir frekari athugun. Sérkennarar/þjálfar fá stuðning og leiðbeiningar frá



sérkennslustjóra eins og þurfa þykir. Allir hafa kost á því að sækja hin ýmsu námskeið. Eins og: PECS námskeið, námskeið um atferlisþjálfun, námskeið um einhverfu og AEPS námskeið.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

Deildarfundir: Að sérkennurum gefist kostur (mat sérkennara að hverju sinni hvort það sé þörf á því að mæta) á því að mæta á deildarfundum bæði til þess að upplýsa deildina um hvað er verið að vinna með í sérkennslu og komi með tillögur um hvað deildin getur gert og fái einnig tækifæri til þess að heyra hvernig deildinni gangi með barnið.

Teymisfundir sérkennslu: Að sérkennslustjóri festi niður klukkutíma fund með sérkennslu á 2 vikna fresti. Þar sem rædd verði fyrir fram ákveðin mál eða sérkennslu gefst tækifæri á því að velta fram spurningum til hvor annarra (jafningjafræðsla). Mánaðarlega munu þjálfar fá klukkutíma af undirbúningi sínum fyrir hvert barn til þess að tala við sérkennslustjóra. Þar verður farið yfir skráningar og það sem er búið að vera að vinna með undanfarinn mánuð.

Breyting á fyrirkomulagi teymisfunda með foreldrum: Tekin hefur verið ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi teymisfunda með foreldrum. Festar verða niður 2 vikur (ein í byrjun og ein í lok) að hausti og 2 vikur (ein í byrjun og ein í lok) að vori þar sem bókaðir verða fundir með foreldrum þeirra barna sem njóta sérkennslu. Teymisfundir verða þá í heildina 4 á hverju skólaári en foreldrum gefst líka kostur á því að óska eftir fleiri fundum ef það er þörf á því.

Gagnabanki sérkennslu: Stefnt verður að því að koma upp gagnabanka með verkefnum fyrir sérkennslu. Gagnabankinn mun samanstanda af nokkrum möppum (fínhreyfingar, grófhreyfingar, félagsleg samskipti, félagslega tjáskipti og vitsmunapróska) sem hægt verður að ganga í til þess að nálgast verkefni. Hver sérkennari ber ábyrgð á því að skila af sér einu verkefni í mánuði í bankann – verkefnin skulu vera tilbúin til notkunar (plöstuð og allt sem þarf með í verkefnið með í plastvasa í möppuna).

Skráningar i ferilmöppu af sérkennslu: Stuðningur/þjálfari hvers barns ber ábyrgð á því að útbúa að minnsta kosti 4 skráningar á ári (2 að hausti og 2 að vori) til þess að setja í ferilmöppu barnsins. Þetta gerum við til þess að koma í veg fyrir að ferilmöppur þeirra barna sem njóta sérkennslu og missa stundum af hinum ýmsu ferðum verði ekki tómar.

Breytingar á fyrirkomulagi sérkennslu: Á næsta skólaári verður ráðist í breytingar á fyrirkomulagi sérkennslunnar. Sérkennslan mun þá samstanda af 1,5 – 2 starfsmönnum sem sjá einungis um þjálfun/innlögn hjá börnum. Aðrir starfsmenn sérkennslunnar muni sinna stuðningi á deildum í gegnum daginn. Þjálfar og stuðningur munu vinna saman með ákveðin markmið fyrir hvert barn. Sá starfsmaður sem sinnir stuðningi mun vinna samhliða þjálfva að markmiðum úr einstaklingsáætlun.

Mat á sérkennslu 2022-2023

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Notast var við VB-Mapp þar til í byrjun 2023 þá færðum við okkur í AEPS. Notast er einnig við aðra viðurkennda lista eins og TRAS, Hljóm-2 og EFI-2.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni hefur verið fjölbreytt, nokkuð mikið af námsefninu var þó komið til ára sinna í lok síðasta árs og öðru þurfti að henda vegna myglu. Leikskólinn hefur því verið að vinna að því að endurnýja efnið, keypt voru ný myndaspjöld og allskonar spil og margt fleira.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Helstu verkefni fjölmeningarteymis Sunnuáasar er auka og efla þátt málörvunar í starfi með tvítyngdum börnum á leikskólanum, auk þess að koma að málörvun hjá börnum sem talið var að þyrftu sérstakan stuðning t.d. vegna málþroskavanda og var sú íhlutun þá í samstarfi við deildarstjóra viðkomandi deilda og sérkennslustjóra Sunnuáass. Voru þetta að jafnaði 20-30 mínútna málörvunarstundir í hvert sinn og fjöldi tíma hjá börnum á viku var á bilinu 2-5 skipti í viku þar sem þörf barnanna réð för. Stundum koma börnin ein í málörvunarstund en einnig í þörum og í einstaka tilfellum þrjú saman. Þá fóru einnig fram fastar vikulegar málörvunarstundir þar sem farið var sérstaklega í áhersluþætti sem prófaðir eru í Hljóm-2, þ.e. efling hljóðkerfisvitundarinnar, t.d. með rími, þulum, brjóta orð niður í atkvæði og klappa þau o.fl. Voru börnin handvalin í þessa hljómhópa á tveimur efstu deildunum af verkefnisstjóra fjölmeningar með tilliti til hljóðkerfisvitundarpátta.

Málörvunarstundir fara fram víða. Inni á deildum, í útiveru og einnig inni í rými sem búið að er tileinka málörvunarstundum. Í raun í öllum rýmum skólans. Í byrjun hveggjar stundar er farið yfir sjónrænt hvað liggur fyrir að vinna með þann daginn. Ýmist gert með myndum eða hlutir hafðir tilbúnir á borðinu þegar börnin koma inn í stundirnar svo þau viti skýrt hvað er framundan. Í lok hveggjar stundar fá svo börnin límmíða að verðlaunum.

Oft er erfitt að samræma málörvunarstundir annarri vinnu sem fram fer á deildum, stundum eru ferðir á dagskrá eða verið að vinna með aðra þætti í deildarstarfi og þá þarf alltaf að meta hvort barnið græði meira á því sem fer fram í deildarstarfinu eða að fara í málörvunarstund.

Að hafa yfirsýn yfir hvað maður er að gera í hverri og einni málörvunarstund er áskorun og þarfnast aga og þjálfunar að taka saman þá þætti eftir hvert skipti. Að vera ekki með fastan tíma til samræðna og speglunar við deildarstjóra og stjórnendur skortir og væri mjög gott að festa slíkan tíma niður, t.d. mánaðarlega eða fast á starfsdögum. Að hafa tengilið málörvunar inni á hverri deild leikskólans væri gagnlegt, þá kannski mynda teymi fyrir málörvun sem myndu funda reglulega. Svo að málörvun fylgi þeimum hverrar deildar kæmu tengiliðir að góðum notum og auðvelda má vinnu.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í stöðu verkefnastjóra fjölmenningar sem sinnir málörvun og utanumhaldi yfir hóp fjöltyngdra barna og fjölskyldna þeirra
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10, einstaklingsmálörvun, málörvun í litlum hópum, tví- og þrískiptar samverustundir. Leikur að læra kennslustundir, Vináttuverkefni Barnaheilla, hópastarf og útikennsla.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Unnið er markvisst í málörvun í gegnum Leikur að læra kennslustundir, hópastarf og unnið með tónlist í samverustundum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við Hæfniramma Reykjavíkurborgar, öll börn eru skimuð með TRAS og öll börn fara í HLJÓM-2 á lokaárinu sínu. Orðaleikur er mikið notaður. Öll tvítyngd börn sem þurfa aukna aðstoð fá einstaklingsáætlun og árangur metinn mánaðarlega.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er að orðaforða og málskilningi í öllu skipulögðu starfi og í gegnum frjálsan leik. Lagt er áherslu á tjáningu og frásögn í samverustundum, hópastarfi, Vináttuverkefninu og Leikur að læra kennslustundum. Unnið er með hlustun og hljóðkerfisvitund í Leikur að læra kennslustundum, samverustundum og málörvunarstundum. Unnið er með ritmál í Leikur að læra kennslustundum og hópastarfi. Unnið er með félagslegt tungumál í gegnum Vináttuverkefnið og



	sérstök áhersla lögð á að styrkja og styðja við þennan þátt barna í frjálsum leik. Unnið er með tilfinningar í gegnum Vináttuverkefnið. Áhugi, styrkleikar og löngun eru þáttur sem við eflum með því að leyfa börnunum að taka þátt í að skipuleggja starfið.
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Ljáðu mér orð	Að öllum fjöltyngdum börnum sé boðið upp á orðabók til að fara með heim.	Útbúa orðabók fyrir foreldra sem vilja styðja við íslenskukennslu barnanna sinna.	Verkefnastjóri fjölmenningar	1.sept.	31.maí	Aukinn stuðningur við fjölskyldur fjöltyngrna barna og betri móttaka.	Að foreldrar upplifi að leikskólinn sé styðjandi í íslenskunámi þeirra og barnanna þeirra.
Foreldra-samstarf	Að foreldrum fjöltyngrna barna sé boðið í móttökuvíðtal.	Að allir foreldrar fjöltyngrna barna fái fundarboð.	Verkefnastjóri fjölmenningar og deildarstjórar.	1.sept.	31.maí	Aukið samstarf og ánægja meðal foreldra fjöltyngrna barna.	Að foreldrar fjöltyngrna barna átti sig á þeim úrræðum sem leikskólinn býður upp á til að styðja við íslenskukennslu.
Málörvunarstundir	Að börn sem eru slök séu tekin í markvissar málörvunarstundir. Málörvunarstundir verða fjölbreyttar, t.d. nota LAL stundir	Að málörvunarstundir verði vel skipulagðar með skýrum markmiðum. Verkefnamappa verður útbúin fyrir hvert barn.	Verkefnastjóri fjölmenningar	1.jan.	31.maí	Með HLJOM -2 prófun í sept og feb fyrir þau sem komu illa út í sept.	Að börnin búi yfir betri færni í grunnþáttum HLJOM-2 og séu vel undirbúin fyrir lestrarkennslu í grunnskóla.
Sjónrænt skipulag	Að deildir útbúi sjónrænt dagskipulag sem er kynnt fyrir börnum í byrjun dags. Einnig að fjöltyngd börn fái dagskipulag sem þau eiga í skúffunum sínum.	Deildarstjórar og verkefnastjórar fjölmenningar útbúa myndir fyrir sjónrænt dagskipulag í samræmi við sérkennslustjóra.	Deildarstjórar, verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennslustjóri.	1.sept.	31.maí	Aukið öryggi og skilningur á dagskipulagi hjá börnunum.	Börnin læri uppsetningu hvers dags fyrir sig.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Allt starfsfólk leikskólans var boðað í starfsþróunarsamtal í lok skólaárs 2023. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sáum um þessi starfsþróunarsamtöl. Heilt yfir komu starfsþróunarsamtölin vel út og starfsfólk ánægt í starfi og margt á góðri leið í að þróa sig í starfi. Deildarstjórar voru jafnframt hvattir til þess að setjast reglulega niður með sínu starfsfólki að ræða starf þeirra og fara yfir áhugasvið starfsmanna og styrkleika þeirra. Reynt var eftir fremsta megni að nýta styrkleika starfsmanna og þeir fengnir til að miðla reynslu sinni í starfsmannahópinn. Tveir starfsmenn fóru á Lubbanámskeið í vetur og stefnt er að því á næsta skólaári að fá Lubba fræðslu á fyrsta starfsdegi í haust. Þrír starfsmenn fóru á uppeldisnámskeið Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar og héldu þessir starfsmenn fræðslu fyrir samstarfsfólk. Sérkennslan fór á námskeið í vetur, þrír starfsmenn fóru á PECS námskeið og tveir starfsmenn fóru á sálfræðiping varðandi tilfinningastjórnun á vegna sálfræðifélags Íslands ásamt því að sérkennslustjóri fór á APES námskeið. Allir Stjórnendur leikskólans eru að taka þátt í teymisvinnu þar sem unnið er markvisst að því að styrkja stjórnendur í starfi sínu og styrkja teymið í þeim verkefnum sem liggja fyrir. Teymisþjálfunin er stýrð af Sylvíu Guðmundsdóttir markþjálfara sem heldur utan um hópinn og hefur hjálpað stjórnendum við að skipuleggja sig betur og finna verkefni sem hjálpa hópnum við að vinna með styrkleika sína og meiri samvinnu. Því að vinna í teymi fylgir mikil ábyrgð og til að vel gangi þá þurfa allir innan teymisins að vinna vel saman. Við teljum að teymisvinnan á vormánuðum hafi hjálpað teyminu mikið og erum við að reyna að tileinka okkur betra skipulag á fundum, tímasetninga funda, undirbúningur funda ofl. sem hópnum fannst ábótavant. Tveir starfsmenn fóru á fagnámskeið 1 og 2 í maí og júní 2023 hjá Mími þar sem við viljum auðga þekkingu starfsmanna okkar að fremsta megni. Við reynum á hverju ári að senda starfsfólk á fagnámskeið þar sem við teljum okkur þurfa að efla þekkingu starfsmanna okkar á því starfi sem þeir gegna og styrkja þekkingu þeirra á leikskólastarfinu. Einnig fóru tveir starfsmenn á námskeið á vegum mixtúru- taktur og tónlist sem þeim fannst frábært námskeið þar sem þessir starfsmenn hafa verið öflugir að sinna tónlist í Sunnuás. Á vormánuðum hefur einn deildarstjóri hjá okkur verið í ströngu námshæfnismati fyrir áframhaldandi námi þar sem hann hefur hugsað sér að fara í kennaranámið á næstu misserum. Við verðum með hóp starfsmanna í skóla næsta haust og liggur fyrir að við verðum með 5 starfsmenn í háskólanámi og eru þetta starfsmenn í öllum stöðum skólans. Á



starfsdögum í vetur var ýmis áhugaverð fræðsla í boði fyrir starfsfólk skólans eins og skráninganámskeið fyrir ferilmöppur barna, Miðja máls og læsis kom með fræðslu fyrir málþroskavanda og málþroskaraskanir hjá börnum sem nýttist okkur vel þar sem við erum með stóran hóp barna með annað tungumál en íslensku sem þarf aðstoð við íslensku nám sitt. Einnig var námskeið um uppeldismál og aga innan skólans, hegðunarráðgjafi hélt tölu um hvernig eigi að bregðast við óæskilegri hegðun og hvernig eigi að forðast að barni þrói með sér óæskilega hegðun. Jafningjafræðsla og mikilvægi þess að tala saman og stilla saman strengi á annasömum dögum leikskólans. Spilað var á léttari strengi með fyrirlestri um Gleði sem sló í gegn ásamt heimsóknum í aðra leikskóla sem hefur alltaf staðið upp úr hjá starfsfólki þar sem þeim finnst mjög gaman að fá tækifæri til að spegla sig í þeim áherslum sem eru á öðrum starfsstöðvum.

Svo hafa margir starfsmenn verið að sinn sínu námi sem vel er hægt að tengja við starf leikskólans. t.d er einn starfsmaður er læra sérkennslufræði og hefur nýtt það nám vel í starfi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áherslur: Leikskólarnir Sunnuás, Brákarborg, Langholt og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla og frístundamiðstöðina Glaðheima.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

Leiðir: Áætlun vegna samstarfs Sunnuáss og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík frá síðasta skólaári. Elstu börn leikskólanna og nemendur í 1. bekk hittast við ýmis tækifæri. Má þar m.a. nefna að elstu börn leikskólanna í hverfinu fara í heimsókn í Langholtsskóla í tilefni Dags íslenskrar tungu. Þar eru allir hóparnir eru með atriði og fulltrúi Langholtsskóla er með kynningu um Jónas Hallgrímsson. Í janúar koma nemendur í 1. bekk ásamt kennurum í heimsókn í gamla leikskóla barnanna. Þau leika sér saman og 1. bekkur afhendir boðskort vegna væntanlegrar skólaheimsóknar. Skólastjóri í Langholtsskóla tekur á móti leikskólabörnunum þegar þau koma í fyrstu heimsókn og sýnir þeim skólann.

Samráðsfundur kennara beggja skólastiga er haldinn að vori, fundarefni er endurmat samstarfsins á líðandi skólaári og næsta skólaár skipulagt. Frístundamiðstöðin Glaðheimar er þátttakandi í samstarfinu, heimsóknir barnanna þangað eru skipulagðar yfir skólaárið þar sem þau kynnast umhverfinu og starfsfólki.

Þetta samstarf á milli Sunnuáss og Langholtsskóla er mjög fast í skorðum og helst yfirleitt eins á milli skólaárs.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur gengið mjög vel í vetur eins og síðustu ár. Við erum einstaklega heppin hér í Sunnuás með foreldrahópinn okkar og hefur verið frá því að leikskólastjóri tók við starfi sínu febrúar 2021. Þrátt fyrir flutninga, myglu og ranglegan fréttaf lutning þá hafa foreldrar tekið öllum þessum breytingum með einskærri ró og umburðarlyndi í okkar garð. Það er ekki hægt að lýsa þakklæti okkar fyrir þann jákvæða stuðning, þolinmæði og gott viðmót sem starfsfólk Sunnuáss okkar hefur fundið frá foreldrum. Starfsfólk okkar hefur ekki fundið fyrir neinu neikvæðu frá foreldrum þrátt fyrir það mikla álag sem fylgdi því fyrir foreldra að þurfa að fara lengri leið með börn sín til leikskóla en áður. Því erum við mjög þakklát og náum ekki að þakka það nóg. Við fengum foreldrakönnunina í hendurnar fyrir nokkrum dögum og höfum fari yfir hana. Við getum ekki annað en verið ánægð og kom hún mjög vel út og viljum við þakka þeim foreldrum Sunnuáss fyrir góða þátttöku og fallett viðmót í okkar garð sem bersýnilega litar niðurstöður könnunar. Það helsta sem þar kemur fram er að það virðist vera mikil ánægja yfir höfuð með það starf sem er unnið á leikskólanum. Það sem við þurfum að vera duglegri í er að hafa meira samneiti við foreldra með námsefni og kennslu. Bersýnilega kemur fram að við séum ekki í okkar skólahverfi sem hefur áhrif á einhverja, sem er fullur skilningur fyrir og mun þetta allt breytast í haust þegar við flytjum aftur í færanlegu kennslustofurnar í hverfinu okkar. Annars var ekki annað að sjá en að foreldrar væru ánægðir með samskipti við skólann, starfið og skólaumhverfi barna þeirra og má segja að við höfum tekið miklum framförum síðan úr síðustu könnun sem var tekin 2021. Allt á uppleið og allir glaðir er það sem skiptir okkur mjög miklu máli og að þær námsaðferðir sem við erum að leggja áherslu á skili sér inn á heimili barnanna okkar.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Búið er að setjast niður og ákveðna skipulagsdaga fyrir komandi skólaár 2023-2024. Alls hefur leikskólinn sex skipulagsdaga yfir skólaárið en þrír af þeim eru sameiginlegir með grunnskólanum í hverfinu. Ákveðið hefur verið að starfsmenn leikskólans fari á vordögum í námsferð erlendis og koma því tveir starfsdagar í apríl vegna þessa.

- 15. september 2023
- 24.nóvember 2023
- 2. janúar 2024
- 15. apríl 2024
- 26.apríl 2024
- 17. maí 2024

Samband íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2023 - 2024												Nafn skóla:		Sunnuás								
ÁGAST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGAST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	
1. Á.	1. S.	2. M.	3. F.	4. F.	5. M.	6. F.	7. F.	8. M.	9. F.	10. F.	11. M.	12. F.	13. F.	14. M.	15. F.	16. F.	17. M.	18. F.	19. F.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.
2. M.	2. L.	3. M.	4. F.	5. F.	6. M.	7. F.	8. F.	9. M.	10. F.	11. F.	12. M.	13. F.	14. F.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.
3. F.	3. S.	4. M.	5. F.	6. F.	7. M.	8. F.	9. F.	10. M.	11. F.	12. F.	13. M.	14. F.	15. F.	16. M.	17. F.	18. F.	19. M.	20. F.	21. F.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.
4. F.	4. M.	5. F.	6. F.	7. M.	8. F.	9. F.	10. M.	11. F.	12. F.	13. M.	14. F.	15. F.	16. M.	17. F.	18. F.	19. M.	20. F.	21. F.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.	27. M.
5. L.	5. Þ.	6. M.	7. F.	8. F.	9. M.	10. F.	11. F.	12. M.	13. F.	14. F.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.
6. S.	6. M.	7. F.	8. F.	9. M.	10. F.	11. F.	12. M.	13. F.	14. F.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. M.
7. M.	7. F.	8. F.	9. M.	10. F.	11. F.	12. M.	13. F.	14. F.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. M.	30. F.
8. Þ.	8. F.	9. M.	10. F.	11. F.	12. M.	13. F.	14. F.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. M.	30. F.	31. M.
9. M.	9. F.	10. F.	11. M.	12. F.	13. F.	14. M.	15. F.	16. F.	17. M.	18. F.	19. F.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. M.	1. Á.
10. F.	10. S.	11. M.	12. F.	13. F.	14. M.	15. F.	16. F.	17. M.	18. F.	19. F.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.
11. F.	11. M.	12. F.	13. F.	14. M.	15. F.	16. F.	17. M.	18. F.	19. F.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.
12. L.	12. Þ.	13. M.	14. F.	15. F.	16. M.	17. F.	18. F.	19. M.	20. F.	21. F.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.
13. S.	13. M.	14. F.	15. F.	16. M.	17. F.	18. F.	19. M.	20. F.	21. F.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.
14. M.	14. F.	15. F.	16. M.	17. F.	18. F.	19. M.	20. F.	21. F.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.
15. Þ.	15. M.	16. F.	17. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.
16. M.	16. L.	17. M.	18. F.	19. F.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.
17. F.	17. S.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.
18. F.	18. M.	19. F.	20. F.	21. M.	22. F.	23. F.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.
19. L.	19. Þ.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.
20. S.	20. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.
21. M.	21. F.	22. F.	23. M.	24. F.	25. F.	26. M.	27. F.	28. F.	29. M.	30. F.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.
22. Þ.	22. M.	23. F.	24. F.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.
23. M.	23. L.	24. M.	25. F.	26. F.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.
24. F.	24. S.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.
25. F.	25. M.	26. F.	27. F.	28. M.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.
26. L.	26. Þ.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.
27. S.	27. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.	19. F.
28. M.	28. F.	29. F.	30. M.	31. F.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.	19. F.	20. M.
29. Þ.	29. F.	30. F.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.	19. F.	20. M.	21. M.
30. M.	30. L.	31. M.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.	19. F.	20. M.	21. M.	22. Þ.
31. F.	31. S.	1. Á.	2. M.	3. F.	4. F.	5. L.	6. S.	7. M.	8. Þ.	9. M.	10. F.	11. F.	12. L.	13. S.	14. M.	15. Þ.	16. M.	17. F.	18. F.	19. F.	20. M.	21. M.	22. Þ.	23. M.

I reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld þækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumari. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumarí eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefn skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn


Hluti af niðurstöðum foreldrakönnunar. Doppurnar sýna svörun út frá niðurstöðum könnunar frá árinu 2021.



Spurning/Þáttur	Niðurstaða							
	Helstu niðurstaða Rýking	Helstu niðurstaða Læsking	Fyrirkomur	Meðtalstærni	Meðtalstærni	Meðtal 2 ára eða yngri	Meðtal 3-4 ára	Meðtal 5 ára eða eldri
Íkenni og starf	4,47	4,36	4,21	4,31	4,53	4,42	4,41	4,29
Barnið fer með sér í leikskólanum oft eins og barnið er að hafa verið venjulegt í dagheiminu...	4,21	4,20	4,20	3,94	4,44	4,07	4,00	4,13
Barnið hefur aðgang að skipulegum störfum til að vinna verkefni í leikskólanum	4,47	4,56	4,11	4,44	4,81	4,66	4,52	4,68
Barnið mitt á góða hláttu/þáttu í leikskólanum	4,17	4,13	4,28	3,99	4,42	4,12	4,26	3,87
Barnið mitt hefur viðþátt í framfarum í leikskólanum	4,27	4,48	4,11	4,48	4,83	4,34	4,28	4,17
Barninu líður líka vel í leikskólanum	4,68	4,53	4,30	4,45	4,79	4,67	4,48	4,47
Eg er ánægð/ur með samstarfi og samskiptum milli barna	4,54	4,46	4,20	4,40	4,45	4,55	4,52	4,27
Í leikskólanum er stöðugt á milli barna og þeir eru jafnir á milli	4,40	4,54	4,11	4,30	4,33	4,25	4,66	4,27
Starfsfólk stýrir barnum og veitir leikskólanum	4,54	4,61	4,21	4,48	4,58	4,47	4,56	4,47
Starfsfólk þekkir þarf barna	4,44	4,28	4,11	4,23	4,37	4,41	4,23	4,29
Veitir og starf	3,89	3,87	3,51	3,92	3,77	3,79	3,89	4,01
Ástandið er gott og veitir starf	4,15	3,96	3,99	4,05	3,83	3,85	3,96	3,99
Eg heyrir góða og veitir starf og samskiptum milli barna	4,28	4,15	3,76	4,18	4,48	4,17	4,11	4,13
Eg get fengið ráð og veitir starf, heiti, samstarfi og annað sem er starf barni mitt í leikskólanum	3,84	3,77	3,00	3,89	3,53	3,65	3,72	4,08
Eg veitir ráð og veitir starf barna	3,82	3,61	3,64	3,82	3,80	3,41	4,00	3,93
Leikskólanum hefur góða og veitir starf og samskiptum milli barna	3,94	3,90	3,47	4,00	3,84	3,80	4,00	3,93
Leikskólanum hefur góða og veitir starf í leikskólanum	3,94	4,23	3,85	4,13	4,30	4,46	4,15	4,48
Leikskólanum hefur góða og veitir starf og hugmyndir	3,29	3,38	3,69	3,31	3,21	3,49	3,30	3,84
Stærni og stjórna	4,26	4,16	3,70	4,13	4,23	4,10	4,20	4,15
Eg er ánægð/ur með stærni skólanum	4,20	4,10	3,86	4,18	4,10	4,20	4,20	4,20
Eg þekki stærni skólanum og góðu skólanum	4,00	3,80	3,67	3,70	4,10	3,71	3,87	3,80
Leikskólanum er vel stjórna	4,25	4,20	3,76	4,17	4,16	4,31	4,13	4,26
Markmið er sett og veitir starf og ma leikskólanum	4,16	4,07	3,66	4,83	4,16	4,14	4,07	4,00
Hér er góða og veitir starf barna í leikskólanum góða	4,23	4,89	3,85	3,95	4,19	3,79	4,12	4,07
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,53	4,27	3,84	4,21	4,06	4,20	4,21	4,29
Vörngættur í leikskólanum er á góðu	4,16	4,10	3,81	4,20	4,18	4,29	4,10	4,21
Uppfylling af leikskólanum	4,53	4,46	4,01	4,48	4,42	4,52	4,44	4,43
Eg heyrir góða og veitir starf og samskiptum milli barna	4,47	4,45	4,82	4,48	4,40	4,39	4,33	4,25
Eg get ráð og veitir starf og samskiptum milli barna	4,22	4,20	3,70	4,25	4,20	4,20	4,20	4,22
Eg veitir ráð og veitir starf og samskiptum milli barna	4,00	4,05	4,20	4,05	4,40	4,30	4,44	4,48
Eg veitir ráð og veitir starf og samskiptum milli barna	4,02	4,03	4,11	4,72	4,45	4,72	4,60	4,53
Starfsfólk í leikskólanum samskiptum milli barna	4,45	4,51	3,81	4,44	4,65	4,50	4,58	4,45
Í leikskólanum er góða og veitir starf og samskiptum milli barna	4,20	4,28	4,15	4,55	4,38	4,70	4,52	4,30
Þegar á leikskólanum er góða og veitir starf og samskiptum milli barna	4,50	4,54	4,00	4,41	4,38	4,47	4,30	4,27

Nokkrar myndir frá listkennslu hjá verkefnastjóra listasmiðju







10.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

Að okkar mati er starfið sem unnið er á Sunnuás til fyrirmyndar. Starfsemin er fjölbreytt, vel skipulögð og vel er haldið utan um fjölbreytta þætti starfseminnar.

Í bráðabirgðarhúsnæði í Kringlunni hefur stjórnendum og starfsfólki tekist gríðarlega vel til að gera húsnæðið sem hentugast fyrir starfsemina og börnin njóta sín vel.

Við erum mjög ánægð með bráðabirgðarhúsnæðið þó svo að það sé vissulega ekki í hverfinu en það fer greinilega vel um börnin þar sem að plássið er gott og deildum hefur verið fækkað. Það hefur ekki þurft að senda börn heim vegna manneklu og það eru foreldrar sérstaklega ánægðir með.

Við höfum fundið fyrir auknum áhuga á listrænum þáttum sem og íþróttum í gegnum starfið á sunnuási.

Tónlistarkennslan hefur vakið mikla lukku meðal barna, valdeflingin við að læra fjölbreytt lög og að æfa sig að koma fram er svo mikilvæg og Sunnuás hefur nýtt hvert tækifæri til að leyfa krökkunum að láta ljós sitt skína og það finnst okkur vera frábært. Tónlistin og listasmiðju verkefni hafa einnig gefið börnunum tækifæri til að skapa og blómstra í leik og starfi.

Námsefnin Lubbi finnur málbein og Leikur að læra hafa vakið áhuga hjá börnum við að læra stafi, tölustafi, orð og fleira á svo fjölbreytta vegu. Námsefnið er sett svo skemmtilega upp og þá veita börnin því frekari athygli. Einnig hefur vináttuverkefnið Blær hjálpað börnum með jákvæð samskipti og að læra um einelti sem er mjög mikilvægt að börn læri strax á leikskóla aldri.

Liðurinn "Barn vikunnar" teljum við vera mjög gott og valdeflandi framtak þar sem við höfum tekið eftir að börnin eru stolt af þeirri ábyrgð og verkefnum sem þeim er treyst fyrir sem barn vikunnar og hefur það jákvæð áhrif á börnin.

Útikennslan hefur verið fjölbreytt og farið hefur verið í margar skemmtilegar ferðir sem börnin eru mjög ánægð með og teljum við að sé mjög öflugt að brjóta daglega starfið upp með þessu móti annað slagið.

Það eru 2x skipulögð foreldraviðtöl á hverju skólaári og það er auðsjáanlegt að eftirfylgnin með þörfum barnanna er mjög góð. Börn sem þurfa á sérkennslu að halda eru gripin strax og þeim fylgt vel eftir.

Foreldrasamvinnan er til fyrirmyndar, það eru sendir póstar frá hverri deild a.m.k vikulega þar sem farið er yfir það helsta auk þess sem sendar eru myndir úr starfinu sem er mjög dýrmætt að fá að sjá og mikilvægt til að geta rætt við börnin um það sem verið er að gera í leikskólanum. Þá var einnig haldin kynning fyrir hverja deild í upphafi skólaárs þar sem foreldrar fá góða innsýn í starfið og fá að kynnast deildarstjóranum. Samskiptin milli starfsmanna og foreldra eru virkilega góð.

Heilt yfir erum við mjög ánægð og þakklát fyrir starfið á leikskólanum Sunnuás og stjórnendur vilja greinilega að starfið taki sífelldum framförum og vinna markvisst að því að betrum bæta starfið fyrir hvert skólaár.

Við höfum átt börn í leikskólanum frá því að fyrri skólastjóri og stjórnendur voru að störfum og bætingin á starfinu er engri lík. Það er greinilegt að núverandi stjórnendur leikskólans eru með hag barnanna fyrir brjósti og hafa mikla ástríðu fyrir leikskólastarfinu og sem því fylgir.

Bestu kveðjur

Rakel Bergmann Pálmadóttir

Kristján Hafþórsson

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

